



## Umsögn Stígamóta um frumvarp um heimilisofbeldi Þingskjal 778 — 470. Mál

Stígamót fagna því að þverpólitísk samstaða fólks úr öllum flokkum hafi myndast um að bæta lagaumhverfi í ofbeldismálum. Um fá málefni ætti að vera auðveldara að sameinast og vonumst við til að áframhald verði á, því ýmislegt er enn ógert í málaflokknum. Stígamót styðja tillöguna og líta svo á að hún endurspegli skilning á eðli heimilisofbeldis. Það tók mörg ár að knýja á um lagaákvæði um nálgunarbann og brottvísun af heimili og brýnt að gera það sem gera þarf til þess að ákvæðin nýtist.

Við höfum fáar athugasemdir fram að færa. Í frumvarpinu segir m.a. ; „*Polendur heimilisofbeldis sýna oft einkenni meðvirkni. Frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir að það sé einungis á valdi polenda ofbeldis að ákveða hvort kært sé í slíkum málum*“ og á öðrum stað „*Polendur heimilisofbeldis eru í viðkvæmri stöðu og geta sýnt einkenni meðvirkni.*“

Við erum sammála því að lögregla eigi að geta kært brot á nálgunarbanni og brottvísun af heimili, en málið er flóknara en svo að einungis meðvirkni komi í veg fyrir að konur kæri slík brot. Almenna reglan er að konur gera það sem þær geta til þess að losa sig úr ofbeldissamböndum, þó það virki ekki þannig við fyrstu sýn. Það hefur margoft komið fram í ýmsum rannsóknum að í ofbeldissamböndum er hættan á ofbeldi aldrei meiri og ofbeldið aldrei alvarlegra en þegar konur reyna að brjótast út úr þeim. Þetta vita konur mætavel og skilja að þær gætu jafnvel sett sjálfar sig í lífshættu með hvers kyns hegðun sem gæti aukið reiði ofbeldismannsins. Þess vegna getur það verið rökréttara en það sýnist að espa þá ekki um of og ástæðan er oft ekki meðvirkni heldur skynsemi. Það er því mikilvægt að aðrir geti gripið inn og kært brot, þegar konum er það ókleift. Við mælum því með breytingu á orðalagi, þannig að stöðu brotþola sé sýnd virðing og skilningur.

Í greinargerð með frumvarpinu er kærkomin tilvísun í Istanbúlsáttmálann sem Ísland á eftir að fullgilda. Istanbúl sáttmálinn hefur verið kallaður hinn gullni mælikvarði á meðferð ofbeldismála í aðildarríkjunum og fullgiltur verður hann eitthvert besta verkfæri sem við höfum til þess að stöðva ofbeldi. Vitnað er í úttekt Mannréttindastofnunar HÍ, lögreglu og alþjóðlegra eftirlitsaðila með skuldbindingum Íslands og ályktað að litlar breytingar þurfi að gera til þess að fullgilda samninginn.

Stígamót vilja bæta við að heilmikla heimavinnu þarf að gera til þess að við getum fullgilt sáttmálann með stolti. Istanbúlsamningurinn gerir m.a. ráð fyrir að nauðgunarákvæði aðildarlandanna byggji á að nauðganir miðist við skort á samþykki en ekki þvinganir og ofbeldi. Ástæðan er auðvitað sú að allir eiga að búa við kynfrelsi við allar aðstæður og brot á því er nauðgun. Við skorum á flytjendur þessa frumvarps að halda samstarfinu áfram og sameinast um breytingu á nauðgunarákvæðinu líka. Stígamót tóku þátt í úttekt European Women's Lobby á stöðu og meðferð nauðgunarmála í Evrópu og niðurstaðan var sú að ekkert Evrópuland uppfyllti öll viðmið sáttmálans um nauðganir, sbr. <http://www.womenlobby.org/Publications/Reports/article/2013-ewl-barometer-on-rape-report?lang=fr> Við heitum samvinnu við áframhaldandi vinnu og lýsum ánægju með það sem þegar hefur verið gert.

Reykjavík 9.2.2015

Guðrún Jónsdóttir

talskona Stígamóta